

Náttúrustofa Vestfjarða
Ársreikningur
2025

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
Kt. 610397-2209

Náttúrustofa Vestfjarða

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Áritun stjórnenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Náttúrustofu Vestfjarða á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Náttúrustofu Vestfjarða í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Náttúrustofu Vestfjarða. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa stofuna upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofunnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofunnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 3. mars 2026.

Endurskoðun Vestfjarða

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

Áritun stjórnenda

Náttúrustofa Vestfjarða starfar í samræmi við lög nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, með síðari breytingum og samkvæmt rekstrarsamningi milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar frá 29. apríl 2019 og með öðrum viðauka sem gildir út árið 2026. Um starfsemina gildir enn fremur reglugerð 459/1996 um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

Stjórn náttúrustofa er skipuð af rekstrarsveitarfélögum og hlutverk náttúrustofa er skilgreint nánar í lögnum.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt lögnum er:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.□
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.□
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.□
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.□
- að annast almennt eftirlit með náttúru landsins samkvæmt náttúruverndarlögum, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Umhverfisstofnun gerir samninga um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestir eru af ráðherra.

Afkoma ársins 2025 var jákvæð um kr. 1.690.784 og er afkoman færð til hækkunar á eigin fé stofunnar.□

Stjórn og framkvæmdastjóri Náttúrustofu Vestfjarða staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Bolungarvík, 3. mars 2026.

Í stjórn

Forstöðumaður

Rekstrarreikningur ársins 2025

			Rekstraráætlun	
	Skýr.	2025	2025	2024
Seld þjónusta		94.403.652	89.000.000	63.433.971
Rekstrarframlög		42.038.750	42.087.500	40.725.001
Náttúrufræðistofnun		16.405.331	16.180.000	15.680.000
Styrkir		8.365.711	18.500.000	23.009.436
Aðrar tekjur		3.550.388	600.000	1.212.125
		<u>164.763.832</u>	<u>166.367.500</u>	<u>144.060.533</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	128.343.166	133.844.610	110.021.743
Húsnæðiskostnaður		6.843.910	6.400.000	5.350.603
Ferða- og dvalarkostnaður		10.561.124	7.245.000	7.686.056
Rekstur bifreiða		1.842.837	2.277.000	2.072.493
Verkefnakostnaður		7.945.997	6.624.000	8.040.989
Annar rekstrarkostnaður		6.668.356	7.348.500	7.889.737
Afskriftir fastafjármuna	7	1.458.844	1.100.000	1.151.097
		<u>163.664.234</u>	<u>164.839.110</u>	<u>142.212.718</u>
Rekstrarhagnaður		1.099.598	1.528.390	1.847.815
Fjármunatekjur		756.665	250.000	664.876
Fjármagnsgjöld		(165.479)	0	(378.687)
Hagnaður ársins		<u>1.690.784</u>	<u>1.778.390</u>	<u>2.134.004</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	5.730.917	3.024.813
Hlutabréf í Vesturferðum ehf		50.000	50.000
		<u>5.780.917</u>	<u>3.074.813</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		14.980.101	19.710.739
Aðrar skammtímakröfur		133.276	0
Handbært fé		11.469.152	265.119
		<u>26.582.529</u>	<u>19.975.858</u>
Eignir		<u>32.363.446</u>	<u>23.050.671</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Stofnfé		27.000.000	27.000.000
Óráðstafað eigið fé		(20.626.002)	(22.316.786)
Eigið fé		<u>6.373.998</u>	<u>4.683.214</u>
Langtímaskuldir			
Aðrar langtímaskuldir	9	166.298	1.097.441
		<u>166.298</u>	<u>1.097.441</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.338.471	3.204.195
Skuldir við lánastofnanir		0	881.817
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	925.713	817.154
Fyrirfram innheimtar tekjur		4.000.000	1.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		18.558.966	11.366.850
		<u>25.823.150</u>	<u>17.270.016</u>
Skuldir		<u>25.989.448</u>	<u>18.367.457</u>
Eigið fé og skuldir		<u>32.363.446</u>	<u>23.050.671</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.099.598	1.847.815
Afskriftir		1.458.844	1.151.097
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.558.442	2.998.912
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		4.597.362	(9.101.773)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		9.326.392	(15.445.356)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		16.482.196	(21.548.217)
Innborgaðir vextir		756.665	664.876
Greiddir vextir		(165.479)	(378.687)
Handbært fé frá (til) rekstrar		17.073.382	(21.262.028)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(4.164.948)	0
		(4.164.948)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(822.584)	(712.725)
(Lækkun)/hækkun á skammtímask. við lánastofn.		(881.817)	881.817
		(1.704.401)	169.092
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		11.204.033	(21.092.936)
Handbært fé í upphafi árs		265.119	21.358.055
Handbært fé í lok árs		11.469.152	265.119

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Náttúrustofa Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	100.664.443	89.249.329
Lífeyrissjóður	12.221.143	10.912.518
Önnur launatengd gjöld	14.792.972	9.068.347
Annar starfsmannakostnaður	664.608	791.549
	<u>128.343.166</u>	<u>110.021.743</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	9,0	10,0

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	399.495	350.681
Arður af hlutabréfaeign	150.870	0
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	206.300	314.195
	<u>756.665</u>	<u>664.876</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(63.729)	(72.511)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(101.750)	(306.176)
	<u>591.186</u>	<u>286.189</u>

6. Tekjuskattur

Stofan greiðir ekki tekjuskatt sbr. 4. grein tekjuskattslaga.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2024	4.740.984	2.032.178	6.773.162
Eignfært á árinu	0	0	0
Staða 1.1.2025	4.740.984	2.032.178	6.773.162
Eignfært á árinu	0	4.164.948	4.164.948
Staða 31.12.2025	4.740.984	6.197.126	10.938.110
Afskriftir			
Staða 1.1.2024	1.896.394	700.858	2.597.252
Afskrift ársins	948.197	202.900	1.151.097
Staða 1.1.2025	2.844.591	903.758	3.748.349
Afskrift ársins	853.377	605.467	1.458.844
Staða 31.12.2025	3.697.968	1.509.225	5.207.193
Bókfært verð			
Staða 1.1.2024	2.844.590	1.331.320	4.175.910
Staða 1.1.2025	1.896.393	1.128.420	3.024.813
Staða 31.12.2025	1.043.016	4.687.901	5.730.917
Afskriftarhlutföll	20%	15-20%	

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	27.000.000	(24.450.790)	2.549.210
Hagnaður/(tap) ársins		2.134.004	2.134.004
Eigið fé 1.1.2025	27.000.000	(22.316.786)	4.683.214
Hagnaður/(tap) ársins		1.690.784	1.690.784
Eigið fé 31.12.2025	27.000.000	(20.626.002)	6.373.998

9. Langtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í íslenskum krónum	1.092.011	1.914.595
Næsta árs afborgun langtímaskulda	1.092.011 (925.713)	1.914.595 (817.154)
Langtímaskuldir í árslok	166.298	1.097.441
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Næsta árs afborganir	925.713	817.154
Afborganir 2027 /2026	166.298	930.316
Afborganir 2028/2027	0	167.125
	1.092.011	1.914.595

10. Vörslureikningar

Náttúrustofan hefur verið samstarfsaðili að nokkrum evrópuverkefnum og er vörsluaðili þeirra verkefna. Staða bankareikninga í árslok vegna þessara verkefna í vörslu stofunnar nemur kr. 460.494.

11. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Rekstrarframlög

	2025	2024
Rekstrarframlag ríkis	32.337.500	31.312.500
Rekstrarframlag sveitarfélaga	9.701.250	9.412.501
	<u>42.038.750</u>	<u>40.725.001</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Vinnulaun	100.664.443	89.249.329
Tryggingagjald	7.173.013	6.381.704
Lífeyrissjóður	12.221.143	10.912.518
Sjóðagjöld	3.437.306	2.928.985
Áunnið orlof, breyting	4.182.653	(242.342)
Slysatryggingar starfsfólks	389.463	291.250
Annar starfsmannakostnaður	275.145	500.299
	<u>128.343.166</u>	<u>110.021.743</u>

Húsnæðiskostnaður

	2025	2024
Húsaleiga	6.496.115	5.249.550
Rafmagn og hiti	11.389	43.267
Ræsting og hreinlætisvörur	159.517	57.786
Annar húsnæðiskostnaður	176.889	0
	<u>6.843.910</u>	<u>5.350.603</u>

Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	3.430.477	3.004.562
Sími	0	8.605
Burðargjöld	20.911	26.674
Pappír, prentun og ritföng	142.949	101.948
Auglýsingar	30.000	1.325.494
Endurskoðun og reikningsskil	599.000	695.206
Lögfræðiþjónusta	670.000	104.000
Önnur aðkeypt þjónusta	204.000	204.000
Viðskiptakostnaður	120.525	364.732
Fundir og ráðstefnur	226.373	952.377
Rekstur kaffistofu	261.247	233.594
Viðhald áhalda og tækja	880.120	750.564
Þjónustugjöld banka	82.085	77.383
Annar kostnaður	669	40.598
	<u>6.668.356</u>	<u>7.889.737</u>

Undirritunarsíða

Ársreikningur NAVE 2025
Bjarki Bjarnason

Ársreikningur NAVE 2025
Smári Haraldsson

Ársreikningur NAVE 2025
Catherine Patricia Chambers

Ársreikningur NAVE 2025
Lilja Magnúsdóttir

Ársreikningur NAVE 2025
Hulda Birna Albertsdóttir